

Mál nr. 174/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 2. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. júlí 2022.
3. Bréf lögmanns M, dags. 18. ágúst 2022.
4. Myndbandsupptaka.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hjá X hinn 11. október 2019. Á myndbandsupptöku sem sýnir atvik ágætlega kemur fram að M lyfti granítplötu af borði og þegar hann ætlaði að ganga með hana frá borðinu rann hann með annan fótinn aftur á bak og til hliðar á gólfi og féll, þannig að granítplatan lenti ofan á hendi M.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans þar sem ekki hafi verið séð til þess af hálfu X að hreinsa bleytu og drullu á gólfi þess vinnurýmis sem hann var að vinna í. Í því hafi falist vanbúnaður af hálfu X í skilningi 13., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig bendir M á að slys hans hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins eins og kveðið sé á um að X þurfi að gera í 79. gr. laga nr. 46/1980. Því eigi að leggja frásögn M til grundvallar varðandi atvik málsins og hún sé sú að orsök slyss hans sé sú að hann hafi runnið í bleytu og drullu á vinnugólfi. M bendir á í bréfi V um höfnum bótaskyldu komi fram að það hafi verið nýbúið að skipta um niðurfalið í vinnurými, en haft er eftir M í málskoti að aðeins hafi verið um að ræða holu í gólfi sem safnaði í sig salli frá granítsög, sem hafi leitt til þykks lags af steindrullu á svæði í kringum borðið sem M var að vinna við. M vísar til skyldna atvinnurekanda í reglum um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 sem og reglur nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar handleika eigi byrðar, auk byggingareglugerðar og að X hafi ekki gætt nægilega að öryggi starfsmanna, eins og M, við þær aðstæður sem slysið varð. M vísar þar að auki til atvika í dómi Hæstaréttar í máli nr. 61/2006 og að X hafi mátt vera ljós hættan af því að handleika granítplötur á gólfi sem gæti verið hált.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þar sem ekki hafi verið sýnt fram á saknæmar athafnir eða athafnaleysi sem X ber skaðabótaábyrgð á. V telur það ekki hafa þýðingu í málinu að slys M hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins þar sem myndband af atvikum liggja fyrir í gögnum málsins. Einnig bendir V á að M hafi starfað hjá X síðan í september 2017 og hafi því þekkt aðstæður í vinnurýminu vel. V bendir á að starfsemi X feli í sér að það sé hluti af því sem fylgir starfsemi X að stöðug bleyta sé á gólfi vinnurýmisins, þar sem vatn komi frá steinsög sem sé í gangi allan daginn. V telur að M hafi átt að vera fullkunnugt um þetta sem og í þartilgerðum skóbúnaði. Einnig vísar V til þess að nýlega hafi verið skipt um niðurfalið í húsnæði X sem hafi gert það að verkum að minna vatn og óhreinindi söfnuðust á gólfið en hafði áður gerst.

Álit.

Í myndbandi sem fylgir gögnum málsins má sjá að M er rétt búinn að lyfta granítplötu með handafli, þegar hann rennur á gólfinu með þeim afleiðingum að hann fellur við og platan fer á hönd hans. Atvik sem leiddu til líkamstjóns M eru því ljós í þeim skilningi að hann rennur til á gólfi í vinnurými þar sem er verið að vinna með steinsög og að starfsmenn klæðast sérstökum skófatnaði á vinnustaðnum til þess að draga úr hættu sem fylgir slíkri starfsemi. Af atvikum á myndbandsupptöku verður ekki ráðið að óhreinindi hafi safnast sérstaklega upp vegna þess hvernig niðurfalli var komið fyrir í vinnurýminu eða að aðstæður hafi verið hættulegri en áður vegna þess. Þó frásögn M sé lögð til grundvallar málsatvikum léttir það ekki af honum sönnunarbyrði um að aðstæður hafi verið sérstaklega hættulegar í greint sinn, eða þannig að skipulag vinnu hans hefði átt að vera öðruvísi, þ.e. að þau atvik sem hann lýsir hafi falið í sér atvik eða aðstæður sem X ber skaðabótaábyrgð á. Ekki hefur verið sýnt fram á að rannsókn Vinnueftirlits á vettvangi hefði leitt slíkar aðstæður í ljós og ekki liggur fyrir í gögnum málsins að gólfi,

niðurfalli eða vinnulagi hafi verið breytt eftir líkamstjón M. Ekki hefur því verið verið sýnt fram á það af gögnum málsins að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. september 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir